



Knattspyrnudeild Aftureldingar
Erla Eiríksdóttir, formaður
Einar Ingi Hrafnsson, framkvæmdastjóri

Reykjavík, 8. október 2024

Úrskurður: Framkoma áhorfanda í leik Aftureldingar og Fjöltnis þann 19. september 2024

Á fundi aga- og úrskurðarnefndar KSÍ þann 1. október 2024, var tekin fyrir skýrsla frá eftirlitsmanni KSÍ á leik Aftureldingar og Fjöltnis í Umspili Lengjudeildar karla þann 19. september sl. Í samræmi við ákvæði 6.1. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál úrskurðar nefndin m.a. um þau atriði, sem fram koma í atvikaskýrslum eftirlitsmanna KSÍ í leikjum í Íslandsmóti KSÍ. Skýrsla eftirlitsmanns í leiknum er svohljóðandi:

„Stuðningsmenn Aftureldingar í leik gærdagsins þar sem Afturelding og Fjöltnir voru með gjallarahorn á leiknum, það eitt sem slíkt er ekki frásögufærandi en um miðbik fyrri hálfleiks þá heyrði ég stuðningsmann þeirra kalla ókvæðisorðum með gjallarahorninu um þjálfara Fjöltnis og kallaði hann kynferðisafbrotamenn á enskri tungu. Umrædd ummæli eru langt yfir strikið að mati dómara leiksins og eru slík að aganefnd KSÍ þarf að taka til skoðunar brot þetta. Umrædd ummæli eru þess háttar að hugsanlega er hægt að flokka þau undir 236 gr. 1 og 2 mgr. Almennra Hegningarlaga.“

Á fundi þann 24. september leit aga- og úrskurðarnefnd svo á að framkoma áhorfenda Aftureldingar, sem lýst er í tilvitnaðri skýrslu eftirlitsmanns, gæti varðað við grein 4.2. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, grein 13 reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Taldi nefndin því brýnt að falast eftir greinargerð/athugasemdum frá viðkomandi aðildarfélagi áður en málið yrði tekið fyrir.

Á fundi nefndarinnar þann 1. október 2024 lá fyrir greinargerð frá knattspyrnudeild ÍR. Í greinargerð Aftureldingar kemur eftirfarandi fram:

„Forsvarsmenn félagsins og mfl.kk hjá Aftureldingu taka undir það að þessi ummæli séu langt yfir strikið og harma að þetta hafi átt sér stað. Allir stuðningsmenn félagsins eru greinilega sammála forsvarsmönnum félagsins, mfl. og dómar leiksins enda tóku þeir ekki undir þessi orð! Umræddur stuðningsmaður áttaði sig líka á þessu í miðri setningu og lét strax af þessu „chatti“ eftir að hafa sungið það einu sinni. Tekið hefur verið á málinu innanhús hjá okkur.“

Að virtum fyrirliggjandi gögnum, greinargerð Aftureldingar og öðrum gögnum, er það álit nefndarinnar að framkoma áhorfenda í framangreindum leik Aftureldingar og Fjöltnis hafi verið vítaverð og falli undir ákvæði 13.9.d. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Ákvæðið er svohljóðandi:

„Ef forystumaður aðildarfélags, sem ekki er á leikskýrslu eða áhorfandi gerast sekir um vítaverða eða hættulega framkomu gagnvart leikmönnum, dómurum, þjálfurum eða öðrum er heimilt að sekta viðkomandi aðildarfélag um allt að kr. 200.000. Ef brot telst alvarlegt eða um ítrekun er að ræða er auk þess heimilt að setja viðkomandi lið í heimaleikjabann, þar til öryggi leikmanna, þjálfara og annarra telst tryggt.“

Með vísan til framangreinds ákvað aga- og úrskurðarnefnd KSÍ að sekta knattspyrnudeild Aftureldingar vegna framkomu áhorfanda í garð þjálfara í leik liðsins gegn Fjölni þann 19. september sl. Þykir upphæð sektar knattspyrnudeildar Aftureldingar hæfilega ákveðin kr. 75.000.

Til grundvallar niðurstöðu vísar nefndin einnig til e) liðar 2. mgr. 17. gr. agareglna FIFA en í samræmi við grein 24.2. eru agareglur FIFA (*FIFA Disciplinary Code*) ákvæðum reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál til fyllingar, eftir því sem við á. Ákvæði e) liðar 2. mgr. 17. agareglna FIFA er svohljóðandi:

All associations and clubs are liable for inappropriate behaviour on the part of one or more of their supporters as stated below and may be subject to disciplinary measures and directives even if they can prove the absence of any negligence in relation to the organisation of the match:

e) the use of gestures, words, objects or any other means to transmit a message that is not appropriate for a sports event, particularly messages that are of a political, ideological, religious or offensive nature;

Úrskurðarorð:

Knattspyrnudeild Aftureldingar skal sæta sekt að upphæð kr. 75.000,- til KSÍ.

Um áfrýjun:

Samkvæmt grein 17.3 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

Virðingarfyllt,
f.h. Aga- og úrskurðarnefndar KSÍ,

Haukur Hinriksson